

Nd.

129. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52, 3. nóv. 1915, um breytingu á lögum nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá samgöngumálanefndinni.

Nefndin álitur rjett, að breyting sú, sem hjer er farið fram á á símalögunum, nái fram að ganga með þeirri breytingu á orðalagi, sem nefndin leggur til, sjerstaklega vegna þess, að síminn verður þá fleirum að notum. Verði síminn lagður um Sandaskörð, þá eru líkindi til, að ekki líði á löngu, þar til að leggja yrði sjerstaka línu til Unaóss, ef þar risi upp verslunarstaður.

Nefndin hefir fengið það upplýst, að landssímastjóri er breytingunni meðmæltur, og hjer mun um lítinn kostnaðarauka að ræða, þó breytingin verði samþykkt.

Fyrirsjáanlegt er, að minni kostnaður verður á viðhaldi símalínu frá Unaós til Borgarfjarðar en yfir Sandaskörð til Borgarfjarðar.

Þessi breyting leggur nefndin til, að verði á orðalagi frumvarpsins:
Í staðinn fyrir »i Norðurmúlasýslu« komi:
austur.

Alþingi, 20. júlí 1917.

Þórarinn Jónsson,
formaður.

Þorsteinn M. Jónsson,
framsögumaður.

Benedikt Sveinsson.

Þorleifur Jónsson.

Gisli Sveinsson,
skrifari.

Hákon J. Kristófersson.

B. R. Stefánsson.